

FRAMKVÆMDASÝSLA RÍKISINS

Litla Hraun  
Nýtt móttökuhús

SKILAGREIN

Desember 2016

---

# Efnisyfirlit

---

Almennt um skilagreinar .....	3
1 Undirbúningur .....	4
1.1 Lýsing verkefnis.....	4
1.2 Frumathugun.....	4
1.3 Áætlunargerð .....	4
1.4 Áætlun um stofnkostnað .....	4
2 Verklef framkvæmd.....	6
2.1 Útboð, tilboð og verksamningar .....	6
2.2 Framvinda.....	6
2.3 Eftirlit og úttektir .....	9
3 Reikningslegt uppgjör .....	9
3.1 Áfallinn kostnaður og innborganir .....	9
4 Samantekt / niðurstöður.....	14
4.1 Árangur framkvæmdarinnar.....	14
4.2 Staðfesting skilamats.....	15



Mynd 1. Nýtt móttökuhús

---

## Almennt um skilagreinar

---

Í 16. grein laga nr. 84/2001 um skipan opinberra framkvæmda er ákvæði um gerð skilamats. Þar segir: „Að lokinni verklegri framkvæmd og úttekt skal fara fram skilamat. Í matinu skal gerð grein fyrir því hvernig framkvæmd hefur tekist miðað við áætlun. Enn fremur skal þar gerður samanburður við hliðstæðar framkvæmdir sem þegar hafa verið metnar.“ Þá er í sömu grein kveðið á um að Framkvæmdasýsla ríkisins skuli setja nánari reglur um fyrirkomulag skilamats.

Í 7. grein reglugerðar nr. 715/2001 um skipulag opinberra framkvæmda segir að Framkvæmdasýsla ríkisins sjái um gerð skilamats og setji reglur um fyrirkomulag þess sem fjármálaráðherra staðfestir.

Þann 21. september 2001 gaf Framkvæmdasýsla ríkisins út reglur um fyrirkomulag skilamats, staðfestar af fjármálaráðherra. Í 3. grein þeirra segir: **“Við minniháttar verk eða framkvæmdir sem hafa lítið samanburðar- eða upplýsingagildi er heimilt að einfalda umfjöllun í skilamati”**. Þegar þessi háttur er hafður á er skýrslan nefnd **“skilagrein”** til afmörkunar frá skilamati.

Hér fer á eftir skilagrein framkvæmdar.



Mynd 2. Nýtt móttökuhús

---

## 1. Undirbúningur

---

### 1.1 Lýsing verkefnis

Hér verður gerð grein fyrir framkvæmdum vegna öryggisúrbóta við aðkomu að fangelsinu á Litla Hrauni, sem fram fóru á árunum 2013 til 2014. Framkvæmdin felst í að girða af núverandi bílastæði og setja í girðinguna aksturs- og gönguhlið, ásamt því að byggja 110 m<sup>2</sup> móttökuhús fyrir gesti og fanga. Í húsinu verður gegnumlýsingarþúnaði og málmleitarhliði komið fyrir. Húsið tengist vatns- og rafmagnsstofnlögnum að fangelsinu á Litla Hrauni.

Verkkaupi var innanríkisráðuneytið. Umsjón hafði Halldór Valur Pálsson hjá Fangelsismálastofnun ríkisins. Upphaf verkefnisins má rekja til ágúst mánaðar 2012 þegar Halldór Valur og Þórir Jónsson hjá Framkvæmdasýslu ríkisins hófu könnun, meðal annars á móttökuhúsum, girðingum og raf- og vatnslögnum á meðal verktaka og birgja til afla upplýsinga um umfang, stærðir, gerðir og verð í slíkt.

### 1.2 Frumathugun

Tilgangur með nýju móttökuhúsi og breytingar á aðkomu, er að uppfylla nútímaþarfir við móttöku gesta og fanga.

Frumathugun var ekki gerð. Unnið var eftir tillögum Fangelsismálastofnunar og forstöðumannsins á Litla Hrauni vegna nauðsynlegra öryggisúrbóta í fangelsinu sem fram eiga að fara á næstu árum.

### 1.3 Áætlunargerð

Unninn var húsrýmisáætlun og húslýsing að móttökuhúsinu ásamt þarfagreiningu á raf- og vatnslögnum að húsinu. Einnig var gerð athugun á þeim tegundum og gerðum af girðingum og hliðum sem til greina kæmu meðfram núverandi bifreiðastæðum sem staðsett eru fyrir utan þáverandi aðalhlíð á Litla Hrauni.

Undirbúningur verkefnisins hófst í júlí 2012. Unnið var í verðkönnunum á girðingum og hliðum og að lagna-tengingum á milli móttökuhúss og Litla Hrauns.

### 1.4 Áætlun um rekstarkostnað

Áætlun um rekstarkostnað lá ekki fyrir.

## 2. Verklef framkvæmd

### 2.1 Útboð, tilboð og verksamningar

Undirbúningur að skipulagi móttökuhúss hófst í ársbyrjun 2013. Útboðið var auglýst þann 27. apríl 2013, en heimild til útboðs var veitt þann 24. apríl 2013.

Eftirfarandi tilboð bárust í móttökuhúsið

Bjóðandi	Tilboðsfjárhæð	Hlutfall af kostn.áætlun
Valdimar Bjarnason	33.950.000.-	136,35%
Gámajónustan ehf.	36.300.000.-	145,78%
<b>Kostn. áætlun FSR</b>	<b>24.900.000.-</b>	<b>100%</b>

Tilboðunum var báðum hafnað þann 23. maí 2013. Því næst var hafin vinna við að leita að ódýrari lausnum og hófust fljótlega viðræður við Vörðufell ehf. um mögulegar breytingar á húsinu.

Samkomulag um breyttar útfærslur og minnkun á stærð hússins um 15 fermetra lá fyrir þann 18. júní 2013 og um heildarkostnað að fjárhæð 24,95 m.kr.

Aðrir samningar voru gerðir við eftirfarandi aðila:

- Öryggisgirðingar ehf.
- Pípulagnir Helga ehf.
- Fosstraf ehf.

Öryggisgirðingar ehf. voru valdar til að sjá um að útvega og setja upp girðingar og hlið. Gert var ráð fyrir að reisa 98 metra af 2,43 m. hárrí girðingu um núverandi bílastæði ásamt aksturs- og gönguhliðum og 20 metra af 4 metra hárrí girðingu sem tengist núverandi girðingum í báða enda. Samningsfjárhæð nam um 6,6 m.kr.


Talið var heppilegast að kanna meðal verkataka á svæðinu með lagnatengingar á milli fyrirhugaðs móttökuhúss og Litla Hrauns.

Pípulagnir Helga ehf. sáu um að leggja stofnlagnir frá inntaksrými fangelsisbyggingar, út fyrir öryggisgirðingu, að móttökuhúsi og tengja lagnir við tengigrind móttöku-

hússins. Setja niður 3 þús. lítra rotþró með siturlögn og tengja móttökuhúsi. Samningsfjárhæð nam um 2,5 m.kr.

Fosstraf ehf. sáu um að leggja rafmagns- og stýrilagnir frá vöruafgreiðslu á Litla Hrauni að móttökuhúsi. Uppsetningu brunna og tengingar. Streng- og smáspennuskápa og breytingar á núverandi töflum. Lagnir frá móttökuhúsi að stengskáp við aksturshlið, stýringar og stýribox vegna hliða og uppsetningu ljósa ásamt raftengingum. Innifalið var jarðvinna, sögun malbiks og frágangur vegna þessa lagna. Samningsfjárhæð nam um 6,8 m. kr.

#### Samningar



■ Vörðufell ehf. ■ Pípulagnir Helga ehf.  
■ Öryggisgirðingar ehf. ■ Fosstraf ehf.

Heildarsamningsfjárhæðir voru því samtals kr. 40.860.000.-

### 2.2 Framvinda

Undirbúningur að húsinu hófst um leið og samkomulag við Vörðufell ehf. lá fyrir í júní 2013. Fyrsti verkfundur var haldinn þann 5. júlí 2013.

Vatnslagnir og lagnaleiðir fyrir raflagnir voru lagðar frá Litla Hrauni út fyrir núverandi girðingu fangelsins að fyrirhuguðu móttökuhúsi fyrir árslok 2012.

Stærsti hluti girðinga var settur upp í lok árs 2012.

Samningsverkum lauk að mestu leyti fyrir árslok 2013.

## 2.3 Eftirlit og úttektir

Eftirlit var í umsjón Hreins Sigurðssonar, verkefnastjóra hjá Framkvæmdasýslu ríkisins. Ábyrgðarúttekt fór fram 8. desember 2014 eða um ári frá lokaúttekt á móttökuhúsi.



Mynd 3. Nýtt móttökuhús

# 3. Reikningslegt uppgjör

## 3.1 Áfallinn kostnaður og innborganir

Heildarkostnaður	m. kr.
Umsjón og eftirlit FSR	5,0
Samningsfjárhæðir	40,9
Aukaverk og magnbreytingar samningsverka	0,7
Viðbótarverk vegna lokunar milli móttökuhúss og núv. girðingar	0,6
Myndavélar	2,9
Uppsetning á gegnumlýsingarvél	0,5
Fataskápar	0,2
Tengingar við ljósleiðara og ljósbreyta	0,5
<b>Heildarkostnaður</b>	<b>51,3</b>

Aukaverk og magnbreytingar samningsverka námu um 0,7 m.kr. Viðbótarverk námu um 0,6 m.kr. vegna lokunar á milli móttökuhúss og núverandi girðingar.

Á árinu 2014 bættist við þó nokkur kostnaður vegna alls fimm myndavéla innan og utan við móttökuhús, ásamt dyrasíma með stýringum og myndvöktun við nýtt hlið, auk tveim sínum með skjá ásamt allri forritun og uppsetningu, eða samtals um 2,9 m.kr.

Þá bættist við kostnaður við búnað vegna uppsetningar á gegnumlýsingarvél eða um 0,5 m.kr., fataskápa um 0,2 m. kr. og tengingar við ljósleiðara ásamt ljósbreyta og sviss um 0,5 m.kr.

Heildarkostnaður við verkið var því um kr. 51.320.000.-.


Verksamningar, ásamt aukaverkum og magnbreytingum, án viðbótarverka var alls kr. 41.485.306.-. Umsjón og eftirlit FSR var kr. 5.024.283.-, eða samtals kr. 46.509.589.-. Viðbótarverk námu samtals um kr. 4.810.375.

Heildarkostnaðaráætlun gerði ráð fyrir kostnaði við kaupum á gegnumlýsingarvél, kr. 5.800.000.- sem er greidd af verkkaupa.

Raunkostnaður	Kostnaður
Heildarkostnaður	46.509.589.-
Viðbótarverk	4.810.375.-
Gegnumlýsingarvél	5.800.000.-
Samtals	57.119.964.-
<b>Samtals án viðbótarverka</b>	<b>52.309.589.-</b>

Raunkostnaður er því alls um 57,1 m.kr. með búnaði eða um 14,2% umfram áætlun. En án viðbótarverka alls um kr. 52,3 m.kr. eða um 4,6% umfram áætlun.

### Litla Hraun, nýtt móttökuhús



## 4. Samantekt / niðurstöður

### 4.1 Árangur framkvæmdarinnar


Óhætt er að segja að framkvæmdin hafi tekist vel. Verkinu lauk aðeins seinna en áætlað var vegna breytinga sem nauðsynlegt var að framkvæma, svo að móttökuhúsið gæti uppfyllt það hlutverk sem til var ætlast.

Verkið fór 4,6% fram úr kostnaðaráætlun.

### 4.2 Staðfesting skilagreinar

Undirrituð staðfestir hér með framanritaða skilagrein fyrir hönd Framkvæmdasýslu ríkisins.

Halldóra Vífilsdóttir, forstjóri



[www.fsr.is](http://www.fsr.is)

